

Geðhjálp skorar á ríkisstjórn Íslands að tryggja Fjölmennt rekstrarfé

Stjórn Geðhjálpar beinir þeirri áskorun til ríkisstjórnar Íslands að tafarlaust verði tryggt fjármagn til reksturs sérstakrar kennslu fyrir geðsjúka og heilaskaðaða á yfirstandandi skólaári. Teknar verði upp viðræður á milli Fjölmenntar og ríkisstjórnar um framtíðarskipan menntunar fyrir geðsjúka og heilaskaðaða.

„Frá árinu 2003 hefur verið boðið uppá sérstaka kennslu fyrir geðsjúka og heilaskaðaða þar sem slíkt hafði ekki verið í boði áður. Í vetur stunda rúmlega 80 manns nám við þetta samstarfsverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpar.

Áætlað er að kostnaður nemi um 24 milljónum kr. á hverju kennsluári, grundvallað á þörf og byggt á rauntölum sem kynntar hafa verið menntamálaráðuneytinu frá upphafi verkefnisins. Ár eftir ár hefur óvissa ríkt um fjármögnun verkefnisins. Tvívegis áður hefur þurft að segja kennurum upp störfum og nemendur verið í fullkominni óvissu um skólann sinn.

Í desember árið 2004 var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar að tryggja fé til rekstursins og menntamálaráðherra falið að framfylgja þeirri ákvörðun. Við þetta hefur ekki verið staðið.

Öllum kennurum hefur því enn á ný verið sagt upp störfum og ekkert annað blasir við en að þessi hópur geðsjúkra og heilaskaððra verði sviptur eina möguleika sínum til menntunar við þeirra hæfi," að því er segir í tilkynningu frá Geðhjálp.